

Ár 1986, mánudaginn 30. júní, var í málinu nr. 2/1986 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Í máli þessu er til úrlausnar, hvot sumarbústaður í eigu Félags íslenskra atvinnuflugmanna sé undanþeginn fasteignaskatti. Bústaðurinn er reistur á spildu úr landi jarðarinnar Núpa í Aðaldælahreppi.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er Félag íslenskra atvinnuflugmanna stéttarfélag atvinnuflugmanna. Félagið gætir hagsmuna félagsmanna og er í fyrirsvari við kjarasamninga. Er samkvæmt því um launþegasamtök að ræða í skilningi 1. málsg. 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Bústaðurinn er eign félagsins og til afnota fyrir félagsmenn.


Samkvæmt því, er að framan hefur verið rakið, verður að telja, að uppfyllt séu skilyrði 5. gr. laga nr. 73/1980 fyrir undanþágu frá fasteignaskatti, sbr. enn fremur 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Félagi íslenskra atvinnuflugmanna er eigi skylt að svara fasteignaskatti af ofangreindu sumarrhúsi.


Gaukur Jónsson.


Pétur Stefánsson.


Anrés Svanbjörnsson.